

BORGARRÁÐ 5. október 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf Reykjavíkurborgar við Stafrænt Ísland – MSS23100043

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að samþykkt verði að óska eftir frekara samstarfs við Stafræna Íslands og fjölga kjarnavörum sem í dag eru aðeins þrjár hjá Reykjavíkurborg: Stafrænt pósthólf, Innskráning fyrir alla og Straumurinn. Borginni stendur til boða að nota allar kjarnavörur Stafræna Íslands og er lagt til að borgarráð feli þjónustu- og nýsköpunarsvið ásamt stafrænu ráði að athuga með að innleiða fleiri vörur frá Stafræna Ísland og island.is sem skilað gætu ávinningi.

Greinargerð:

Samstarf við Stafræna Íslands á að vera eins mikið og kostur er enda felst í því hagræðing. Fulltrúi Flokks fólksins veit til þess að nokkur sveitarfélög eru að skoða fleiri kjarnavörur en þær sem Reykjavíkurborg notar. Hér má nefna „Vefir stofnana” sem eru undirvefir island.is sem eru sérsniðnir að þörfum notenda og hafa það markmið að notendur komist beint að efninu. Reykjavík myndi njóta kosta og hagræðis sem felst í sameiginlegum tólum og tækjum eins og hönnunarkerfi, efnisstefnu og rekstrarumhverfi island.is. Einnig má nefna umsóknarkerfið hjá Stafræna Ísland.